



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

## Efni: Tillaga um niðurfellingu leikskólagjalda vegna barna sem eru í leyfi í dymbilviku og vetrarfríum grunnskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 20. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. febrúar 2023, ásamt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 7. mars 2023:

Lagt er til að leikskólagjöld verði felld niður vegna barna sem ekki sækja leikskóla á eftirfarandi tímabilum: Alla virka daga í dymbilviku (síðustu vikunni fyrir páska) og alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar), enda hafi foreldrar sótt um niðurfellingu fyrir tilgreindan umsóknarfrest. Reglum um leikskólaþjónustu verði breytt til samræmis við framangreint.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúum Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata finnst mikilvægt að hugað sé að því hvernig leikskólastjórar geti aukið sveigjanleika í starfsemi sinni og mönnun. Þessi tillaga mun hjálpa foreldrum að nýta betur tímann, spara þeim fé og einnig auðvelda stjórnendum að skipuleggja mönnun betur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að falla frá gjöldum fyrir þau börn sem taka sér frí frá leikskólum í dymbilviku, vetrarfríum grunnskóla og milli jóla og nýárs. Fulltrúi Sósíalísta gerir athugasemdir við þau skilyrði að foreldrar verði að taka sér frí alla virku dagana til að fá niðurfellingu leikskólagjalda. Foreldrum hefði einnig átt að vera veittur kostur á niðurfellingu gjalda á þeim dögum sem þau ráða við að taka sér frí á.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra, dags. 16. febrúar 2023

Bréf fjármála- og áhættustýringasviðs, dags. 7. mars 2023

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Efni: Niðurfelling leikskólagjalda í dymbilviku og vetrarfríum grunnskóla.**

Lagt er til að leikskólagjöld verði felld niður vegna barna sem ekki sækja leikskóla á eftirfarandi tímabilum: Alla virka daga í dymbilviku (síðustu vikunni fyrir páska) og alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar), enda hafa foreldrar sótt um niðurfellingu fyrir tilgreindan umsóknarfrest. Reglum um leikskólaþjónustu verði breytt til samræmis við framangreint.

### **Greinargerð:**

Niðurfelling gjalda á einungis við ef í umsókn kemur fram að tekið verði frí allt tímabilið þ.e.

- Alla virka daga í dymbilviku
- Alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarfríum grunnskóla samkvæmt samþykktu skóladagatali skóla- og frístundaráðs

Með dymbilviku er átt við vikuna fyrir páska en niðurfelling gjalda á þá við um mánudag, þriðjudag og miðvikudag fyrir skírdag og föstudaginn langa.

Vetrarleyfi grunnskóla eru þrír dagar á haustönn og tveir dagar á vorönn. Samtals fimm virkir dagar yfir skólaárið. Með vetrarleyfi í grunnskóla er átt við vetrarleyfi samkvæmt samþykktu skóladagatali skóla- og frístundaráðs.

Borgarráð samþykkti þann 15. nóvember 2018 að foreldrar gætu sótt um niðurfellingu gjalda virka daga milli jóla og nýárs að því tilskildu að barn taki leyfi alla dagana. Fyrirkomulagið hefur nú fest sig í sessi í Reykjavík og hafa margar fjölskyldur nýtt sér þennan möguleika á liðnum árum. Eins og kemur fram í töflu 1 hér að neðan hafa 47 – 61% barna í leikskólum verið í leyfi alla daga á milli jóla og nýárs. Þar kemur einnig fram að árleg tekjulækkun hefur verið frá 7.5 – 14 milljónum kr. en misjafn fjöldi daga á tímabilinu og fjöldi barna hafa þar áhrif.

**Tafla 1. Tölulegar upplýsingar um niðurfellingu leikskólagjalda á milli jóla og nýárs.**

Ár	Fjöldi barna	Fjöldi daga	Hlutfall af leikskólabörnum	Tekjulækkun
2022	2563	4	47%	14 milljónir kr.
2021	1626	4	-	7.5 millj. kr.
2020	2880	3	56%	11.2 millj. kr.
2019	3175	2	61%	9 milljónir kr.

Á milli jóla og nýárs hefur leikskólastjórum gefist tækifæri til að skipuleggja starfið miðað við mesta mögulega barnafjölda hverju sinni. Reynslan hefur sýnt að aðeins hluti þeirra barna mæta í leikskólann þrátt fyrir að ekki hafi verið sótt um niðurfellingu gjalda. Þannig skapast svigrúm fyrir leikskólastjóra til að leyfa orlofstöku starfsfólks eða að félagar í FL taki út uppsafnaða styttingu vinnuviku.

Í kjarasamningum Reykjavíkurborgar við Eflingu, Sameyki og Félag leikskólakennara frá 1. janúar 2020 var innleidd stytting vinnuviku í leikskólum Reykjavíkur og samhliða því fékk allt starfsfólk leikskóla 30 daga orlof á hverju orlofsári. Þessum breytingum hefur fylgt áskorun fyrir leikskólastjórnendur. Leikskólar loka að jafnaði í 20 virka daga yfir sumartímann og þá standa eftir 10 orlofsdagar sem starfsfólk þarf að taka út. Þar að auki hefur reynst áskorun að tryggja öllum umsamda styttingu vinnuviku án þess að það kosti aukinn mannafla.

Heimild er í kjarasamningi FL og Reykjavíkurborgar að félagsmenn í FL geti safnað upp styttingu á hverju ári. Fyrirkomulagið gerir þá ráð fyrir að starfsmenn safni styttingu og vinni 40 stunda vinnuviku að jafnaði miðað við fullt starf. Þá gefst þeim tækifæri á taka út styttingu, t.d. yfir sumartímann, í dymbilviku og á milli jóla og nýárs. Sumir leikskólar í Reykjavík eru með þetta fyrirkomulag og hefur það gengið vel. Það auðveldar útfærslu á styttingu vinnuvikunnar í viðkomandi leikskólum þar sem hluti starfsmanna tekur út vikulega styttingu á meðan félagsmenn FL safna upp styttingu.

Með tillögu um niðurfellingu gjalda í dymbilviku og í vetrarleyfum grunnskóla er verið að stíga skrefið í átt að samræmdum starfsaðstæðum í leik- og grunnskólum. Þann 1. janúar 2020 tóku gildi lög 95/2019 um eitt leyfisbréf kennara sem veitir þeim sem er með leyfisbréf kennara heimild til að starfa á öllum skólastigum, þ.e. við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Á liðnum árum hafa margir félagsmenn FL fært sig yfir í önnur félög innan KÍ eða önnur stéttarfélög. Frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020 voru tilfærslur félagsmanna frá FL yfir í FG að meðaltali 33.5 félagsmenn á önn. Útreikningar fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 10. október 2022 sýndu að tilfærslur voru að meðaltali 23.25 félagsmenn á önn yfir 4 annir.

Það er því mikilvægt að bregðast við og sporna við þeirri þróun að leikskólakennarar sæki í auknum mæli yfir í starfsumhverfi grunnskólans. Þessi tillaga er einn liður til þess. Þá gefst leikskólastjórnendum tækifæri á að veita félagsmönnum í FL aukið svigrúm til að taka út uppsafnaða styttingardaga í dymbilviku og í vetrarleyfum grunnskóla.

Með þessari tillögu er einnig verið að ganga skrefið lengra í átt að fjölskylduvænna samfélagi í Reykjavík. Þar sem hvatt er til samverustunda fjölskyldunnar þegar tækifæri gefst til. Þó mun ávallt vera sveigjanleiki fyrir þá sem þurfa á þjónustu að halda þessa daga. Leikskólinn verður áfram opinn alveg eins og á milli jóla og nýárs sem er fyrirkomulag sem tillagan byggir á.

Í töflum 2 og 3 hér að neðan er hægt að sjá spá um mögulega tekjulækkun fyrir Reykjavík ef tillagan yrði samþykkt. Í útreikningum er miðað við fjölda barna í leikskólum þann 1.2.2023 sem eru 5.515 börn. Reiknað er með meðal leikskólagjöldum sem eru 27.258 kr. á mánuði. Spáð er fyrir um tekjulækkun miðað við 20%, 30% og 40% barna séu í leyfi í dymbilviku og í

vetrarleyfum árið 2023. Mikilvægt er að benda á að hagræðing með þessar tillögu sem kemur á mótí tekjulækkun, er meðal annars að ekki þarf að kalla til afleysingarstarfsfólk til að leysa af þá sem taka út orlof umfram lokun leikskólans og þá sem taka út uppsafnaða styttingu. Þar að auki er minni kostnaður þá daga sem færri börn og færri starfsfólk er að störfum. Þar er átt við matarkostnað og ýmsan annan starfsmannakostnað.

**Tafla 2. Spá um tekjulækkun við niðurfellingu gjalda í vetrarleyfi 2023**

Fjöldi daga	Fjöldi barna í leyfi	Hlutfall barna í leyfi	Áætluð tekjulækkun
2	1103	20%	2.863.155 kr.
2	1655	30%	4.294.733 kr.
2	2206	40%	5.726.310 kr.

**Tafla 3. Spá um tekjulækkun við niðurfellingu gjalda í dymbilviku 2023**

Fjöldi daga	Fjöldi barna í leyfi	Hlutfall barna í leyfi	Áætluð tekjulækkun
3	1103	20%	4.294.733 kr.
3	1655	30%	6.442.099 kr.
3	2206	40%	8.589.466 kr.

### Fjárhagsleg áhrif tillögunnar

Í töflu 4 og 5 má sjá spá um fjárhagsleg áhrif sem tillagan mun hafa í för með sér. Haggræðingin felst í úttekt starfsmanna á orlofsdögum og/eða uppsafnaðri styttingu, hjá félagsmönnum í FL. Vegna fækkunar í barnahópum á þessum tilteknu dögum má gera ráð fyrir að minni þörf á afleysingu og þar af leiðandi minni launakostnaði. Þar af leiðandi auðveldar tillagan leikskólastjórnendum að innleiða styttingu vinnuviku án kostnaðarauka og auðveldar starfsfólki að taka orlofsdaga umfram lokun leikskólans.

Eins og kemur fram í útreikningum í töflu 4 er miðað við að leikskólastjóri í einum leikskóla geti boðið 5 starfsmönnum annars vegar og 10 starfsmönnum hins vegar, að vera í orlofi eða styttingu yfir þessi tímabil. Gert er ráð fyrir 7% tekjulækkun vegna niðurfellingu gjalda á mótí hagræðingu í launakostnaði afleysingarstarfsfólks.

Launakostnaður sem sparast í dymbilviku er 482.810 kr. miðað við 5 starfsmenn og 965.621 kr. miðað við 10 starfsmenn. Í vetrarleyfum grunnskóla yrði þessi sparnaður 804.684 kr. og 1.609.368 kr. miðað við sama fjölda starfsmanna. Samtals gæti þessi sparnaður orðið 2.574.988 kr. miðað við gefnar forsendur í einum leikskóla.

Í töflu 5. er sama spá sem á við um alla 67 leikskóla í Reykjavík. Þar yrði mögulegur sparnaður miðað við sömu forsendur 86.262.114 kr. ef miðað er við 5 starfsmenn frá hverjum leikskóla og 172.524.227 kr. miðað við 10 starfsmenn.

**Tafla 4. Spá um fjárhagsleg áhrif í einum leikskóla**

Tekjur:						Nota 7% af kostnaði sem er ekki fjarri lagi.			
Afleysing einn leikskóli:	Fjöldi daga	Fjöldi stm	Fjöldi stm	5 stm	10 stm	Niðurfe lling gjalda (tekjur 7%)		Samtals :	Samtals:
Dymbilvika	3	5	10	519.151	1.038.302	-36.341	-72.681	482.810	965.621
Vetrarleyfi	5	5	10	865.251	1.730.503	-60.568	121.135	804.684	1.609.368
Samtals:				1.384.402	2.768.805	-96.908	193.816	1.287.494	2.574.988

Afleysing allir leikskólar:	Fjöldi daga	Fjöldi stm	Fjöldi stm	5 stm	10 stm	Niðurfe lling gjalda (tekjur 7%)		Samtals :	Samtals:
Dymbilvika	3	5	10	34.783.10	69.566.221	2.434.818	4.869.635	32.348.293	64.696.585
Vetrarleyfi	5	5	10	57.971.850	115.943.701	4.058.030	8.116.059	53.913.821	107.827.642
Samtals:				92.754.961	185.509.922	6.492.847	12.985.695	86.262.114	172.524.227

**Tafla 5. Spá um fjárhagsleg áhrif í öllum leikskólum**



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið

**Efni:** Tillaga um niðurfellingu leikskólagjalda í dymbilviku og vetrarfríum

---

### ***Umsögn***

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu um niðurfellingu leikskólagjalda í dymbilviku og vetrarfríum. Tillagan felur í sér að til að eiga rétt á niðurfellingu gjalda þá þurfi börn að vera í fríi alla virka daga í dymbilviku eða alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarfríum grunnskóla. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs.

Í dag er hægt að sækja um niðurfellingu gjalda milli jóla og nýárs að því tilskildu að barn taki leyfi alla dagana. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði hafa á milli 47%-61% barna í leikskólum nýtt sér þennan möguleika síðustu ár. Árlegur kostnaður í formi tekjulækkunar hefur verið á milli 7,5 – 14 m.kr. og skýrist munurinn helst af fjölda daga sem niðurfellingin tekur tillit til á hverju ári og fjölda barna. Frítaka barna hefur veitt leikskólastjórum svigrúm til að leyfa orlofstöku starfsfólks eða úttekt á uppsafnaðri styttingu vinnuvikunnar hjá félögum í FL.

Í kostnaðarmati SFS er gert ráð fyrir að á móti tekjulækkun verði hagræðing sem felst lækkun á afleysingarkostnaði. Í dag kallar orlofstaka umfram lokun leikskóla og úttekt á uppsafnaðri styttingu á afleysingarkostnað sem gert er ráð fyrir að lækki nái tillagan fram að ganga. Heildarfjárhagslegu áhrif tillögunnar eru metin á 86-173 m.kr. til lækkunar á kostnaði á ársgrundvelli m.v. að 5-10 starfsmenn taki út orlofsdaga á þessum tímabilum.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillöguna og mælir með að hún verði samþykkt. Þó er vakin athygli á því að nokkur óvissa er um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar í fjárhagslega matinu s.s. um fjölda barna í leyfi og orlofstöku starfsmanna. Því er mikilvægt að fylgjast með árangrinum af þessari breytingu.

Halldóra Káradóttir  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs